



Reykjavík, 4. desember 2017
2012090017
321. fundur
RÁ/bs

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

Minnisblað

Stöðumat III á aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum utangarðsfólks 2014 - 2018.

Forsaga:

[Stefna í málefnum utangarðsfólks 2014 -2018](#) var samþykkt á fundi velferðarráðs 13. febrúar 2014. [Aðgerðaáætlun](#) með stefnunni var lögð fyrir velferðarráð 10. apríl 2014.

Stöðumat I var lagt fyrir velferðarráð 15. október 2015 og 19. nóvember 2015. Stöðumat II var lagt fyrir velferðarráð 3. nóvember 2016.

Minnisblöð sem lögð hafa verið fyrir velferðarráð frá október 2015 eru:

- Minnisblað – **Stöðumat á aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum utangarðsfólks 2014 -2018.** Lagt fyrir velferðarráð 15. október 2015 og 19. nóvember 2015.
- Minnisblað vegna **aðgerða í málaflokki utangarðsfólks fyrir veturinn 2015 – 2016.** Lagt fyrir velferðarráð 19. nóvember 2015.
- Minnisblað – **Samanburður á milli þeirra sem gist hafa í Gistiskýlinu í janúar – ágúst 2013 og janúar – ágúst 2015.** Lagt fyrir velferðarráð 19. nóvember 2015.
- Minnisblað **vegna aðgerða í málaflokki utangarðsfólks í Reykjavík.** Lagt fyrir velferðarráð 28. apríl 2016.
- Minnisblað, dags. 24. febrúar 2017, vegna **áætlunar um breytingu á skipulagi og framkvæmd þjónustu við utangarðsfólk**, ásamt fylgigögnum. Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. mars 2017.
- Tillögur um **aukna þjónustu við utangarðsfólk í Reykjavík.** Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017.

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan í október 2017

Húsnæðismál:

- Þarfagreining og áfangaskipt tillaga um húsnæðis- og búsetuuppbyggingu fyrir utangarðsfólk til ársins 2025 liggja fyrir vorið 2016.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim.

Tillaga um húsnæðisuppbyggingu fyrir utangarðsfólk er lögð fram í velferðarráði 7. desember 2017.

Fjölgun húsnæðisúrræða:

- Tillögur lagðar fyrir velferðarráð haust 2014 um fjölgun húsnæðisúrræða fyrir utangarðsfólk

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim.

Þann 28. apríl 2016 samþykkti velferðarráð tillögu um tveggja ára tilraunaverkefni sem byggir á hugmyndafræði „Housing First“ en í því felst að fjórar almennar félagslegar leiguíbúðir verði færðar úr almennri úthlutun yfir í sértæka úthlutun fyrir utangarðsfólk. Hvað frekari þróun varðar er vísað til fyrirbyggjandi tillögu um húsnæðisuppbyggingu fyrir utangarðsfólk velferðarráði 7. desember 2017.

Þarfagreining , konur með tvígreiningu:

- Þarfagreining vegna sértæks búsetuúrræðis fyrir konur með tvígreiningu liggja fyrir vorið 2015

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim.

Haustið 2017 var gerð þarfagreining vegna sértæks búsetuúrræðis fyrir konur með tvígreiningu. Niðurstöður voru þær sömu og voru árið 2016 en alls eru þrjár konur metnar í þörf fyrir sértækt búsetuúrræði. Verið er að horfa til mögulegra lausna innan tillögu um húsnæðisuppbyggingu sem lögð er fram í velferðarráði 7. desember 2017.

Þarfagreining. framheilaskaðað fólk:

- Þarfagreining vegna sértæks búsetuúrræðis fyrir framheilaskaðað fólk liggja fyrir vorið 2015

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim.

Þarfagreining liggur fyrir. Þörf framheilaskaðaðs fólks fyrir sértækt búsetuúrræði hefur verið vöktuð og fram að þessu hefur ekki komið fram mikil þörf á slíku úrræði en í september 2016 voru tveir einstaklingar metnir í þörf. Í október 2017 sýnir kortlagning að fleiri einstaklingar þurfa sértækt búsetuúrræði en skipuleggja þarf úrræðin út frá einstaklingsbundnum þörfum þessa hóps. Ljóst er að sumir einstaklingar þurfa búsetuþjónustu á grundvelli geðræns vanda en aðrir á grundvelli þroskahömlunar. Unnið verður að mögulegum lausnum fyrir þennan hóp.

Búseta fyrir eldra utangarðsfólk:

- ✓ Tillögur um búsetu fyrir eldra utangarðsfólk liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim.

Þarfagreining m.t.t. til búsetuþarfa eldra utangarðsfólks liggur fyrir og unnið hefur verið að hugmyndum um fyrirkomulag slíks úrræðis.

Gistiskýli fyrir konur:

- ✓ Húsnæði Konukots verði skoðað með hliðsjón af breytingum í Gistiskýlinu og metið hvort æskilegt sé að stækka húsnæðið eða finna hentugra húsnæði.
 - Tillögur liggi fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu.

Þessi vinna hefur ekki enn farið formlega fram en hefur verið rædd. Staðsetning Konukots er að mati sérfræðinga góð en mögulega þyrfti að vinna að endurbótum.

Fyrsta stigs forvörn:

- ✓ Efla fyrsta stigs forvörn með það að markmiði að koma í veg fyrir að einstaklingar verði utangarðs. Með samstilltu átaki stofnana og samtaka um áætlanagerð fyrir alla þá sem eru í áhættu að verða utangarðs.
 - Tillögur um samstarfsfundi lagðar fyrir velferðarráð vorið 2014

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu.

Á vegum deildar gæða- og rannsókna er félagsráðgjafi í meistaranámi að vinna að rannsókn stöðu einstæðra karlmanna á biðlista eftir húsnæði. Niðurstaðna rannsóknarinnar er að vænta í janúar nk. Jafnframt var gerð kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík og niðurstöður þeirrar rannsóknar kynntar í velferðarráði 12.10.2017. Rýna þarf þær niðurstöður nánar og vinna úr. Starfshópur um málefni utangarðsfólks hefur rætt um mögulegar leiðir til að greina þann hóp sem nýtur þjónustu velferðarsviðs og er í hættu á að verða utangarðs. Eins þarf að skerpa á vinnulagi milli þjónustumiðstöðva, Félagsbústaða og vettvangs- og ráðgjafarteymis til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hafa öruggt húsnæði missi það.

Samráð við sveitarfélög:

- ✓ Samstarf við önnur sveitarfélög verði eftt til að draga úr heimilisleysi og efla sameiginlegar bjargir sveitarfélaganna til þess að mæta aukningu í kjölfar efnahagshrunsins.
 - Samningaviðræður við samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefjist á árinu 2014.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

Ráðgert er að kynna samning velferðarsviðs við Barkasamtökin fyrir samtökum félagsmálastjóra með það fyrir augum að þau sjái sér hag í því að nýta þjónustu samtakana. Þjónusta Barka hefur breytt miklu fyrir þá Pólverja sem lent hafa utangarðs í Reykjavík og nágrenni og mikilvægt að nágrannasveitarfélögin taki þátt í þeirri vinnu.

Samráð við velferðarráðuneytið:

- ✓ Sveitarfélögum ber samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 o.fl. að sinna málefnum heimilislausra. Þar sem um er að ræða heilbrigðisvanda sem hefur félagslegar afleiðingar í för með sér er mikilvægt að utangarðfólk fái heildstæða þjónustu en ljóst er að hluti af þeirri þjónustu er á ábyrgð ríkisins s.s. heilbrigðisþjónusta.
 - Samningaviðræður við Velferðarráðuneytið hefjist á árinu 2014.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra.

Skrifstofustjórar ráðgjafarþjónustu, þjónustunnar heim og framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða áttu fund með heilbrigðisráðherra 24. apríl 2017. Á þeim fundi var farið yfir stöðu utangarðsfólks með tilliti til þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeim ber. Rætt var um snemmbæra öldrun og dagdeildir, samstarf við geðdeild og heilsugæslu, samstarf við Barka samtökin og skort á vímuefnameðferð fyrir fólk sem ekki talar íslensku. Engar niðurstöður voru af fundi með ráðherra en fram kom að skýrslu starfshóps um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og

	félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum og samfélaginu í heild yrði fylgt eftir. Jafnframt var fundur með starfsmönnum velferðarráðuneytisins þann 14. ágúst 2017 þar sem staða utangarðsfólks var rædd og áhersla lögð á fjárframlag ráðuneytisins t.d. til Barkaverkefnisins og áframhaldandi samstarfs við þau.
Annars stigs forvörn: ✓ Efla annars stigs forvörn með áætlanagerð fyrir alla þá sem nýlega hafa orðið utangarðs með það að markmiði að binda enda á heimilisleysi sem fyrst. Markmið annars stigs forvarna er að koma í veg fyrir að einstaklingar sem verða utangarðs verði það til langframa. Þörf á því að þeir aðilar sem mæta þessum einstaklingum, t.d. starfsmenn þjónustumiðstöðva, neyðarskýla og dagþjónustu, vinni með einstaklingunum að gerð þriggja mánaða áætlunar um hvernig skuli binda endi á heimilisleysi viðkomandi. ➤ Stöðumat kynnt árlega, fyrst árið 2014 Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafþjónustu.	Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum leggja áherslu á að sökum erfiðrar stöðu á húsnæðismarkaði hefur ekki reynst auðvelt gera raunhæfar áætlanir um hvernig hægt sé að binda enda á heimilisleysi. Aðgerðir borgarstjórnar um aukið framboð félagslegs leiguhúsnæðis vekja vonir um að hægt verði að bregðast við vanda þess hóps sem gengur erfiðlega að fá húsnæði á almennum leigumarkaði. Velferðarráð hefur í tvígang samþykkt breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð, í júní 2014 og september 2017 sem eiga að vera til þess fallnar að auka samkeppnishæfni og möguleika einstaklinga á húsnæði á almennum leigumarkaði.
Þriðja stigs forvörn: ✓ Að efla þriðja stigs forvörn með einstaklingsbundnum þjónustuáætlunum fyrir hvern íbúa sértækra húsnæðisúrræða Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk. Markmið með þriðja stigs forvörnum er að leitast við að binda enda á langvarandi aðstæður og koma þannig í veg fyrir áframhaldandi heimilisleysi. ➤ Stöðumat kynnt á árinu 2014 og aftur 2018 Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafþjónustu.	Enn í vinnslu.
Þverfaglegt teymi sérfræðinga: ✓ Mikilvægt er að þetta samstarf milli þeirra aðila sem sinna þjónustu við utangarðsfólk og formgera það. Í því skyni er lagt til að komið verði á fót þverfaglegu teymi sérfræðinga í tilraunaskyni sem veitir beina þjónustu við notendur og starfsfólk þjónustuúrræða fyrir utangarðsfólk. Unnt verður að sækja til teymisins þjónustu við fólk í sjálfstæðri búsetu sem er að missa húsnæði vegna hegðunarvanda eða neyslu. Samstarf verði við heilsugæslu og meðferðaraðila. ➤ Á árinu 2015 verði komið á fót þverfaglegu teymi sérfræðinga í tilraunaskyni sem veita beina þjónustu við notendur og starfsfólk þjónustuúrræða fyrir utangarðsfólk Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafþjónustu.	Starfsemi vettvangs- og ráðgjafarteymis hefur verið í stöðugri þróun með það að markmiði að reyna að koma sem best til móts við einstaklinga sem eru utangarðs. Á fundi velferðarráðs þann 2. mars 2017 var lögð fram áætlun um breytingu á skipulagi og framkvæmd þjónustu fyrir utangarðsfólk þar sem m.a kemur fram með hvaða hætti hægt er að veita heildstæða þjónustu til hópsins. Á fundi velferðarráðs 7. desember 2017 eru lagðar fram tillögur um styrkingu vettvangs- og ráðgjafarteymis.

Tilvísanakerfi fyrir gistiskýli:

- ✓ Möguleiki á því að koma upp tilvísanakerfi í neyðarskýli skoðað með það fyrir augum að auka yfirsýn og vera virkur þáttur í hvatningu til að auka lífsgæði utangarðsfólks. Neyðar- og gistiskýli séu skilgreind sem tímabundið úrræði þar sem notendum er ekki ætlað að dvelja samfleytt lengur en 1 mánuð án aðkomu félagslegrar ráðgjafar.

- Tilraunaverkefni með tilvísanakerfi verði komið á vorið 2014

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafapjónustu.

Fram hefur komið að með aukinni yfirsýn vettvangs- og ráðgjafarteymis hefur skapast aukin þekking á hópi utangarðsmanna sem leitt hefur til þess að áætlunum um tilvísanakerfi hefur verið frestað. Það er mat sérfræðinga að hugmynd um tilvísunarkerfi hafi verið góð á sínum tíma en í dag sé ekki þörf á slíku kerfi. Það kann þó að vera að þær aðstæður skapist að taka þurfi aftur upp tilvísunarkerfi og þá með mögulega breyttum forsendum.